



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1961

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Ég ávarpa yður enn héðan frá Bessastöðum fyrir hönd okkar hjónanna með innilegri nýárskveðju og þökk fyrir gamla árið. Mér er þá fyrst ljúft og skylt að flytja yður hjartanlegar þakkir í tilefni af endurkjöri á hinu liðna ári, og bið þess af heilum hug, að okkur megi auðnast að standa svo í þessari stöðu sem traust yðar og þjóðarheill heimtar. Guð gefi, að þetta nýbyrjaða ár verði gott og farsælt fyrir land og lýð! Vér öll í sameiningu kveðjum einnig gamla árið með þakklátum hug til forsýningarinnar fyrir mildan vetur, gott vor og sólríkt sumar. Þá er ekki hægt að gera til hæfis, ef ekki liggur vel á mönnum og skepnum í slíku árferði. Náttúran hefir stundum sýnt annan svip í voru norðlæga landi, þó engir miðaldra menn muni nú orðið neitt líkt því, sem kalla mætti hallæri í eldri merkingu.

Óáran hefir birst í ýmsum myndum: eldgos, jarðskjálftar, hafís, grasleysi, aflagrestur – og getur líka átt sér stað í sjálfu mannfólkinu. Aflagresturinn einn dregur nú nokkuð úr, að allt leiki í lyndi. Um stjórnarfar ræði ég ekki, enda minnst ég þess ekki, að allir hafi nokkru sinni lokið upp einum munni um þá hluti, hvorki til lofs né lasts. En þó er ekki úr vegi að minna á, að slíkt liggur að nokkru leyti í sjálfu stjórnskipulaginu. Af lýðræði og þingræði leiðir flokkaskipting og flokkadráttur, hvort sem mönnum líkar betur eða ver. Og þegar sumir veita ríkisstjórn brautargengi en aðrir mótspyrnu, þá er auðskilið, að dómarnir verða ærið misjafnir.

Ég bið menn að skilja þetta ekki svo, að ég sé að finna að sjálfu stjórnskipulaginu. Ég fullyrði, að vér Íslendingar búum við það stjórnskipulag í megindrátum, sem oss best hentar, og sem á djúpar rætur í sögu þjóðarinnar, alla leið aftur til landnámsaldar. Ég fullyrði einnig, að ekkert það skipulag sé til né hugsanlegt, sem geri þegn eða þjóðhöfðingja óskeikulan eða afmái mannlegan veikleika né breyskleika. Og þó hygg ég að vitsmunir, réttvísi og náungans kærleikur njóti sín best við frjálst lýðræðisskipulag hjá þeim þjóðum, sem til þess hafa þroska og sögulega þróun.

Í sögunni verður það talið eitt meginatriði hins liðna árs, hve margar nýlendþjóðir hlutu þá frelsi og fullveldi, en eins og vér heyrum í daglegum fréttum þá gengur ærið misjafnlega að taka á móti frjálsræðinu. Það er því ástæða til, að vér Íslendingar stingum höndinni í eigin barm, og rifjum upp fyrir oss, hvað því veldur, að þróun vestræns lýðræðis og fullveldistakan hefir gengið svo hljóða- og snurðulítið með vorri þjóð, sem raun er á, og hvaða skilyrði séu fyrir því, að oss farist sjálfstjórnin framvegis vel úr hendi. Það er ekkert stjórnskipulag svo gott, að ekki þurfi að halda vel á, og þeirri skoðun jafnvel haldið fram af sumum, að manneðlið sé svo rysjótt, að það hljóti að ganga hverju skipulegi til húðar á tilteknum tíma. Í

frönsku byltingunni skiptist á þingstjórn, fárra manna veldi og einræði á fáum árum með miklum hörmungum, svo aðeins sé nefnt eitt dæmi.

Ég hygg, að vér Íslendingar höfum nokkuð einstæða sögu að segja. Hingað komu allir landnámsmenn með sveit sína á skipum, og vísast að þær skipshafnir séu frumdrög vors stjórnarfars. Orðið „sveit“ fær merkinguna hérað, og hrepparnir, sem enn eru við lýði, eru hin fyrsta félagseining. Hreppsstjórn helst óslitið til vorra tíma, þrátt fyrir erlend yfirráð, og enn eru haldnir hreppsfundir allra kosningabærra manna, þegar svo ber undir. Stofnun allsherjarþings á Þingvöllum í lok landnámsaldar er vort þjóðarstolt, og þeir eru ótaldir meðal erlendra þjóða, sem vita það eitt um Ísland, að þar sé enn við lýði elsta þing sögunnar – nema þeir kunni einnig að nefna Heklu eða Geysi. Með slíka forsögu að baki var leið endurreisnarinnar mörkuð, endurheimt Alþingis og fullveldis þjóðarinnar. Hinar bestu endurminningar vorar eru tengdar þjóðveldinu forna, og framtíðarvonirnar þingræði og fullveldi. Sagan hefir gefið þjóðinni þor, og trú á þegn og þing. En sagan skapar þeim líka mikla ábyrgð, sem á málum halda fyrir þessa og komandi kynslóðir. Á því veltur einnig virðing vor meðal annarra þjóða, hvernig oss tekst sjálfstjórnin með svo dýran arf að bakhjarli.

Pýramíði eða svo ég tali íslensku, Keilir lýðræðisins stendur hér á fornum og breiðum grunni. Er það traustara en að hann standi á toppnum. Heimastjórn héraða um aldir er grundvöllurinn. Á annað þúsund ár eru liðin frá stofnun allsherjarþings. Stjórnskipunin var svo sjálfsgöð, að hún hafði ekkert sérstakt heiti fyrir en nú á síðari tímum, er vér tölum um þjóðveldi, þingræði og lýðveldi. Hún byggist á erfðum og þeim tíðaranda, sem komið hefir til hjálpar, og ríkt hefir á síðari tímum í nágrenni voru. Stjórnskipulagið hefir vaxið og þróast samfellt um aldir. Þróun lýðræðisins fram á þennan dag hefir reynst auðvelt að fella saman við hinn forna arf, og barátta margra ágættra forystumanna ber stjórnmaláþroska þjóðarinnar góða sögu. Og að síðustu, en ekki síst, byggist öryggi þjóðarinnar á þroska hins einstaka þegns.

Það eru í flestum málum sérstök orð, sem slá birtu á hugsunarhátt þjóðanna. Eitt af þessum orðum í íslensku máli er: „góður þegn“. Þau orð hafa enn sinn ljúfa hljóð, og þegnskapurinn er hin besta stoð lýðræðisins. Það er ekki meðal allra þjóða þorað eða jafnvel þoranlegt að treysta hinum „sauðsvarta almúga“. En því get ég notað þetta orðtíltæki hér, að ef það hefir nokkur tíma haft pólitíska merkingu, þá er hún fyrir löngu úr sögunni. Þegnunum er treyst til að vera grundvöllur skipulagsins, enda eru þeir *samarfar* sögunnar eigi síður en þeir, sem taldir eru til forystumanna. Í hvaða þjóðfélagi sem er, þarf forystu, þó með misjöfnum hætti sé. En þar sem almennur kosningaréttur er ríkjandi, þá þarf hinn góði þegn að geta dæmt um menn og málefni. Eftir málefnum og hagsmunum velja flestir sér flokk, en hver fulltrúi, sem er kosinn þarf jafnan að taka ákvarðanir út frá nýjum viðhorfum, og um atriði, sem eru ókunn eða ófyrirsjáanleg við kosningar. Hinn góði þegn þarf því að kjósa sér fulltrúa, sem er dómbær og líklegur til forystu. Án slíks aðhalds er ekki víst að flokkar vandi ætíð svo til framboðs, sem skyldi.

Á hinum almenna kjósenda hvílir ábyrgð og honum er vandi á höndum. Hann dæmir um hvernig þingmenn og ríkisstjórnir hafi reynst undanfarið, hann verður að mynda sér skoðun á álitstærðum sérfræðinga í flóknum þjóðmálum, og standast þungan áróður úr mörgum áttum.

Í lýðræðisþjóðfélagi er jafnan ágreiningur. Án ágreinings má segja, að kosninga þyrfti ekki með. Ágreiningur stafar af eðlilegum orsökum, mismunandi lífsskoðun, ólíkum hagsmunum eða hreinni valdastreitu. En það eru takmörk fyrir því, hve langt ágreiningur má ganga og hvaða bardagaaðferðum er beitt, svo að lýðræðinu sé ekki hættu búin. Á sama hátt eru takmörk fyrir því hvernig beita megi meirihlutaveldi, þó

sumt sé raunar bundið í stjórnskipunarlögum. Það stendur enn í gildi hið fornkveðna: Með lögum skal land byggja. En lög ná aldrei út yfir allt mannlegt líf. Til framkvæmdanna þarf jafnan menn, - dómsvald og framkvæmdavald.

Það væri of langt mál að ræða ítarlega þær skorður, sem stjórnskipulag getur sett við misbeitingu valds og áróðurs. En á sama hátt og góður þegn, þegnskapur, er meginöryggi stjórnskipulagsins, á saman hátt er og verður hinn góði drengur, drengskapurinn, höfuðtrygging réttlátrar framkvæmdar. „Drengur góður“, er eitt af þessum orðtökum, sem lýsa hugsjón þjóðarinnar, réttlætiskennd og mannúð. Berserksgangurinn hefir aldrei notið virðingar. Það væri hættulegur misskilningur, að þegnskapur og drengskapur komi ekki flokksbaráttunni við. Þessi hugtök eru tvístirnið í þeim þjóðarþroska, sem gerir lýðræðisskipulag öruggt til frambúðar.

Í annan stað ber ekki ætíð eins mikið á milli í átökum innan þjóðfélagsins og stundum virðist á líðandi stund eftir öldurótinu á yfirborðinu. Og vel hafa staðist flestar aðalákvarðanir í málefnum þjóðarinnar, þó hörðum átökum hafi valdið á stund úrslitanna. Íslendingar eru óvenjulega samstæð þjóð, af einum stofni að kalla, tala sömu tungu, mótaðir af einni trú og þjóðerni. Andrúmsloftið hefir sín óbeinu áhrif hvað sem skoðunum líður. Þessum skyldleik er erfitt að lýsa til hlítar en vér finnum hann þegar vér hittumst á förnum vegi í mannhafi erlendra stórborga. Og við finnum hann þráfallega í daglegu lífi, innan fjölskyldu og í vinahóp, á samkomum og stórhátíðum.

Hátíð er til heilla bezt. Það höfum vér sjálfsagt flestir fundið þessa dagana. Við finnum það þegar jólaguðspjallið er lesið, þessi undursamlegi boðskapur, sem lýsir ætíð jafnskært í skammdegismyrkrinu. Vér finnum það nú um áramótin, þegar vér þökkum hver öðrum fyrir gamla árið. Þrátt fyrir allt, er það svo margt og mikið, sem vér höfum hver öðrum að þakka. Og vér óskum hver öðrum gleðilegs nýárs af heilum hug í þeirri von að árið verði gott hverjum um sig og þjóðinni í heild, inn á við og út á við. Bjartsýni og kjarkur sómir vel nýbyrjuðu ári.

Í hverri hátíð býr nokkuð af sögu og sál þjóðarinnar. Sumar miðast við merkismenn og atburði, aðrar við kristnihald, og enn aðrar eiga rætur sína í náttúru landsins, atvinnulífi og gangi himintungla. Og þó rennur allt þetta saman, opnar hug vorn og sameinar sálirnar. Á sínum beztu stundum á þjóðin eina sál.

Góðir Íslendingar. Gleðilegt nýtt ár!